

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

B-liður 1. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Í stað 1. og 2. málgr. 3. gr. laganna kemur:

Sérhver sá, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs í þrjá virka daga fyrir hverja tvo almanaksmánuði, sem hann hefur unnið næsta orlofsár á undan, og hlutfallslega fyrir skemmri tíma.

Orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið frá 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir.

Í þessu sambandi telst einn þriðji hluti úr mánuði eða meira sem tveir þriðju úr mánuði, en skemmri tími er ekki talinn með.

3. gr.

Í stað orðanna „4% — fjóra af hundraði“ í 4. gr. laganna kemur: 6% — sex af hundraði.

4. gr.

Aftan við lögina komi svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Ríkisstjórnin skal undirbúa tillögur að endurbættu og föstu skipulagi ódýrra og hentugra orlofsferða innanlands og til útlanda með það fyrir augum, að almenn-  
ingur geti notfært sér þær. Ríkisstjórnin leggi þessar tillögur sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en dagaði þá uppi, eftir að hv. heilbrigðis- og félagsmálanefnd hafði klotnað í afstöðunni til þess. Minni hluti nefndarinnar (GPÖ) lagði til, að frv. yrði samþykkt.

Á Alþingi 1952 fluttu þrjú af þingmönnum Alþýðuflokksins þingsályktunartillögu um endurskoðun orlofslöggjafarinnar frá 26. febr. 1943, m. a. með það fyrir augum að lengja orlofsréttinn úr tveim vikum í þrjár. Enn fremur var í tillögunni gert ráð fyrir athugun á hentugum og ódýrum orlofsferðum innanlands og utan. Þingsályktunartillaga þessi hlaut ekki afgreiðslu þingsins, og ber að harma það, að slík rannsókn skyldi ekki fara fram.

Flutningsmaður þessa frumvarps telur það höfuðnaðsyn:

1) að orlofsrétturinn verði aukinn úr tveim vikum í þrjár;

2) að b-liður 1. gr. laganna verði felldur niður, en þar er gert ráð fyrir, að hlutarsjómenn njóti ekki að fullu þeirra hlunninda, sem lögina veita öðrum launþegum.

Nú hafa þessi mál skipazt þannig við lausn hinnar langvinnu vinnudeilu í desember 1952, að í samkomulagi milli verkalýðsfélaganna og vinnuveitenda var fallizt á hækkun orlofsfjár og lengingu á orlofsrétti launþega úr 4% — fjórum af hundraði — í 5% — fimm af hundraði. Þrátt fyrir þennan árangur er vitað af samþykktum fjölmargra verkalýðsfélaga, að þau muni ekki linna baráttunni fyrir framgangi þessara réttinda sinna fyrr en þeim árangri er náð, sem telja verður eðlilegan og sjálfsagðan með tilliti til þeirrar þróunar, er átt hefur sér stað t. d. á Norðurlöndum, en þar hefur nú víðast verið lengdur orlofsréttur úr tveim vikum í þrjár og tilsvarendi hækkun orlofsfjár.

Fullnægjandi réttindi í lögum þessum telja verkalýðsfélögin ekki tryggð fyrr en í fyrsta lagi orlofsrétturinn hefur verið hækkaður samkv. frv. þessu og í öðru lagi jafnframt tryggt, að þessi mál verði ekki sammingsatriði milli vinnuþega og vinnuveitenda hverju sinni, heldur verði gerðar tilsvarendi breytingar á orlofslöggjöfinni, og þá jafnframt í þriðja lagi, að lögina nái til allra launþega.

Það er því í senn eðlileg og sjálfsögð þróun þessara mála í nágrannalöndunum og sanningisröfufur launþegasamtakanna, sem gera það nauðsynlegt, að Alþingi samþykki frumvarp þetta, um leið og komizt yrði hjá frekari deilum en orðið er um þetta réttlætismál. Það má og ljóst vera, að framantaldar breytingar eru ekki einhlítar til úrbóta í þessum málum. Með það í huga er 4. gr. frv. sett hér og bráðabirgðaákvæði hennar um, að athugaðir verði möguleikar á, að almenn-  
ingur geti hagnýtt sér orlofsféð og hvíldartímann á sem heilladrýgstan hátt.